

Fulltrúaráðsfundur HRFÍ fimmtudaginn 5. október 2017

Haldinn á skrifstofu HRFÍ kl. 19.00

Mættir voru: Magnea Friðriksdóttir og Sarah Knappe, Mjóhundadeild. Þórdís M. Hafsteinsdóttir, Spanieldeild. Alexandra Bj. Eypórsdóttir, Smáhundadeild. Sunna Dís Jensdóttir og Birna S. Kristjónsdóttir, Fjár og hjarðhundadeild. Elín Gestsdóttir og Egill Bergmann, Írsk Setter deild. Daníel Örn Hinriksson, Chihuahua deild. Margrét Bára Magnúsdóttir og Helga Andrésdóttir, Deild Íslenska fjárhundsins. Hulda Jónasdóttir, Fuglahundadeild. Soffia Kwazsenko, Shih Tzu deild. Auður Valgeirsdóttir, Tíbet Spaníel deild. Auður Sif Sigurgeirsdóttir, Ungmennadeild. Gerður Steinarsdóttir, Cavalier deild. Frá stjórn HRFÍ; Daníel Örn Hinriksson, Herdís Hallmarsdóttir, Pétur Alan Guðmundsson, Viktoría Jensdóttir, Auður Sif Sigurgeirsdóttir.

Herdís bauð fundarmenn velkomna og fór yfir dagskrá fundarins. Dagskrá fundarins var fyrst og fremst að kynna breytingar á reglum um stofnun og starf ræktunardeilda. Pétur Alan fór yfir reglurnar með fundarmönnum.

Breytingar á reglum um stofnun og starf ræktunardeilda

Hvers vegna var reglum breytt? Hér á eftir verður farið yfir feril breytinganna sem hefur verið langur og hafa ýmsir komið að breytingunum.

Hugmyndir komu fram á stefnumótunardögum félagsins 2011 og 2014 varðandi starfsemi deilda. Á seinni stefnunarmótsdeginum voru m.a. greidd atkvæði um hugmyndir frá 2011 og skýrsla gerð um niðurstöður dagsins. Stefnuskra var svo samþykkt af stjórn félagsins 30. apríl 2014 og í framhaldi af því stofnaðir starfshópar.

Auglýst var á vef félagsins og á Facebook eftir áhugasömum félagsmönnum og skilaði hópurinn tillögum til stjórnar HRFÍ 11. janúar 2016. Stjórn félagsins samþykkti á fundi með starfshópnum að vinna áfram með tillögur hans á fundi 11. janúar 2016. Stjórn fundaði með fulltrúum stjórna þeirra deilda sem lagt var til að sameinuðust 1. og 2. mars 2016. Tillögur frá starfshópi voru svo kynntar fyrir fulltrúaráði 2. mars 2016. Áfram var unnið með tillögurnar á fundi stjórnar 7. apríl 2016.

Opinn fundur fyrir alla félagsmenn var svo haldinn 27. apríl 2016 þar sem tillögurnar voru kynntar og boðið var upp á umræður um tillögurnar. Tillögurnar voru sendar áfram til laganefundar sem sendi álit sitt til stjórnar í febrúar 2017. Stjórn samþykkti breytingar í mars

2017 með fyrirvara um samþykki lagabreytinga á aðalfundi í maí 2017. Lagabreytingarnar voru svo samþykktar á aðalfundi HRFÍ 17. maí 2017.

Reglurnar verða settar inn á vef félagsins á morgun.

Umræður

Nokkur umræða varð um kröfur varðandi stofnun nýrrar deildar og niðurlagningu deildar. Herdís fór í gegnum þær hugmyndir sem lágu að baki ákvörðunum sem teknar voru í sambandi við þetta. Ákveðið var að gera kröfu um 24 *ræktunarhæfa* hunda svo hægt væri að stofna nýja deild en þó væri ekki sú krafa að viðkomandi hundar þyrftu að vera óskildir. Markmiðið væri að deildin starfaði vel og þess vegna betra að hafa kröfurnar svona en eins og þær voru. Það sem kom út úr stefnumótunardeginum var að fólk vildi fyrst og fremst að deildir væru starfhæfar.

Starf deilda

Fulltrúum deilda var svo boðið að segja frá starfi deilda. Kom upp sú umræða að erfitt reyndist að manna störf á hinum ýmsu viðburðum, m.a. í uppsetningu og niðurtöku sýninga sem og störf á sýningunni en deildir hafa þurft að útvega mannskap í þessi störf. Borið var undir fundinn hvort félagið ætti að leita eftir tilboðum í uppsetningu og niðurtöku og voru viðbrögð við því mjög jákvæð.

Fundi slitið kl. 21.30.